

heldur framför. Að viðurkenna að til sé í bókmentum ókristnu trúarbragðanna kenningar eins fagrar, hugsjónir eins háfleygar og þær sem flnnast hjá sálmaskáldi G. Testamentisins og spámanni N. Testam., að játa, að á meðal ókristnaðra þjóða sé menn, er leggi eins traust á sannleikann og leiti eftir réttlætinu og til eru meðal vorra eigin sona og dætra, hlytur að eins að gögfa og hefja hugsjón vora á guði og hans eilifa kærleika til allra mannanna barna.

Vér óttumst það sem vér ekki þekkjum. Vér nötrum fyrir því sem framtíðin ber í skauti. Og það hvortveggja ber vott um ófullkomleik og óheilleik trúar vorrar. Ekki allar tilgátur er upp kunna að koma eru sannar. Það eru margar falskar staðhæfingar er mótmæla þarf. Þær kunna að gera skaða meðan þær eru við líði. En einlæg rannsókn og leit að sannleikanum, skoðana mismunur og óbeinlínis jafnvel, ólísklegar og falskar tilgátur, munu á komandi tíð, eins og um liðna díga, hreinsu hveitið frí his-niu og feri oss æ hreinni og ómengadri sannleikskorn. Vér lifum ekki á öld trúarlegra vegg-hleðslu tíma, heldur í trú, er engrá víggirðinga þarf með.

Vér ættum að fagna þeim sannleika og keppa fram móti hinu tilkomandi, ekki fullir ótta og skelfingar, heldur hreysti og vonar. *það mun varð sem grð hefir gert.*

## Fyrsta ártal sögunnar.

EFTIR

**PROF. J. H. BREASTED**

(University of Chicago)

Söguritarar er fengust við sagnafræði hebreisku þjóðarinnar voru fyrrum mjög kvíðafullir yfir því, að þegar minst varði myndi fornleifarannsóknir verða þess áskynja, að maðurinn